



Varðandi: Mannauðsdagur Akraneskaupstaðar árið 2016
Málsnúmer: 1610134
Dagsetning: 17. október 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að heimila lokun bæjarskrifstofunnar á Akranesi frá kl. 12:30 – 15:30 og lokun íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum frá kl. 10:00 til 17:00 og íþróttamannvirkja á Vesturgötu frá kl. 07:00 til kl. 17:00 þann 15. nóvember 2016 vegna mannauðsdags Akraneskaupstaðar.

GREINARGERÐ:

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar þann 14. júní síðastliðinn. Í kjölfarið var erindisbréf sérstaks mannauðsteymis endurnýjað og gildir það fyrir tímabilið 11. október 2016 til 1. september 2017. Mannauðsteyminu er ætlað forystuhlutverk varðandi innleiðingu mannauðsstefnunnar.

Fyrstu skref í innleiðingu stefnunnar er að halda sérstakan mannauðsdag þar sem stefnan verður kynnt og unnið verður með gildi Akraneskaupstaðar sem eru mikilvægur hluti af mannauðsstefnunni. Áætlað er að halda mannauðsdaginn þann 15. nóvember næstkomandi en þá er starfsdagur leik- og grunnskóla. Vettvangur vinnunnar verður í íþróttahúsinu á Vesturgötu.


Dagskrá mannauðsdagsins er á lokastigum og stefnt er að birtingu hennar í kjölfar fundar bæjarráðs. Gert er ráð fyrir því að bjóða starfsmönnum velflestra stofnana Akraneskaupstaðar að taka þátt í mannauðsdeginum. Ekki er þó unnt að loka allri starfsemi meðan á vinnunni stendur þar sem í sumum tilvikum er um viðkvæman hóp þjónustuþega að ræða. Tryggt verður að þeir sem komast ekki með árið 2016 verði með á næsta mannauðsdegi en stefnt er að því að halda slíkan vinnudag á tveggja ára fresti.



Akraneskaupstaður

Varðandi lokunartímamann í íþróttamannvirkjunum þá er það annarsvegar vegna fyrirhugaðra starfsmannafunda í íþróttamannvirkjunum og hinsvegar til þess að undirbúa salinn á Vesturgötunni en gert er ráð fyrir að allt að 300 manns taki þátt í vinnunni sem fram fer í salnum eftir hádegi.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.


Regína Ásvaldsdóttir
bærarstjóri